

Bæjarráð Kópavogsbæjar
vt. formaður
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 24. Júlí 2024

Efni: Umsókn um styrk fyrir Guðlaug Eddu (Ólympíufara)

Hér með sækir Aðalstjórn Breiðabliks formlega um fjárhagslegan styrk fyrir Guðlaugu Eddu Hannesdóttur, þríbrautarkonu og verðandi Ólympíufara.

Guðlaug Edda fékk fyrr í sumar boðsæti á Ólympíuleikunum í París sem hefjast núna í lok mánaðar og verður hún þar með fyrsti Íslendingurinn sem keppir í þríbraut á Ólympíuleikum.

Slíkur árangur kostar ekki aðeins blóð, svita og tár heldur er fjárhagslegur kostnaður einnig gífurlega mikill enda hefur Guðlaug Edda ferðast um hálfan heiminn til þess að taka þátt á mótum sem tryggðu henni svo þátttökuréttinn eftirsóttá.

Hér ber að líta hluta af þeim kostnaði sem Guðlaug Edda hefur sjálf þurft að standa straum af:

Kostnaður vegna keppnisferðar til Namibíu og Surður Afríku apríl 2024. 1.139.071 kr.

Kostnaður vegna keppnisferðar til Nepal, Filipseyja og Japan apríl-maí 2024 1.314.835 kr.

Æfingabúðir á Fuerteventura janúar 2024. 339.670 kr

Athuga skal að þetta er einungis kostnaður við flug og gistingu.

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðabliks

Arnór Daði Gunnarsson

Íþróttastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026